



LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

Jafnlaunastefna embættis Lögreglustjórans á Austurlandi

Lögreglustjóri ber ábyrgð á að jafnlaunakerfi embættisins standist lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/22008. Hann ber einnig ábyrgð á jafnlaunastefnu og að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakefinu sé framfylgt. Yfirlöggregluþjónn er tilnefndur fulltrúi lögreglustjóra varðandi jafnlaunakerfi og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST 85:2012. Jafnlaunastefnan nær til alls starfsfólks.

Jafnlaunastefna lögreglustjórans á Austurlandi byggir á sanngirni og virðingu fyrir starfsfólki embættisins sem metið er að verðleikum.

Markmið með jafnlaunastefnunni er að starfsfólk verði metið eftir hæfni og frammistöðu, þannig að hæfileikar þess og færni fái notið sín og að þeim verði greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Með jófnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir starfsmenn óháð kyni. Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum, ef þau kjósa svo.

Embættið greiðir laun á grundvelli kjara- og stofnana samninga. Launaákvarðanir eru skjalfestar, rökstuddar og undirritaðar af lögreglustjóra.

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu embættisins

Til að treysta framkvæmd og stefnu embættisins í málaflokknum og treysta undirstöður þess, skuldbindur embættið sig til að -

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðli nr. ÍST 85, það skjalfest og fá vottun í samræmi við lög nr. 56/2017 um jafnlaunavottun.
- Framkvæma árlega launagreiningu hjá embættinu.
- Bregðast við óútskýrðum launamun.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Kynna árlega niðurstöður launagreiningar og jafnlaunastefnu fyrir starfsmönnum embættisins.
- Hafa jafnlaunastefnu aðgengilega almenningi.